

LYKILUPPLÝSINGASKJAL

TILGANGUR

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

AFURÐ

Akta VaxtaVeröld hs., kt.: 430620-9750, ISIN: IS0000031953

Framleiðandi er Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og er rekinn af Akta sjóðum hf. Akta sjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Akta sjóðir hf. starfar sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020, auk þess sem félagið hefur fengið auknar starfsheimildir til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og móttöku og miðlunar viðskiptafyrirmæla varðandi fjármálagerninga skv. lögum nr. 45/2020.

Heimilt er að markaðssetja sjóðinn til almennra fjárfesta. Hafa má samband í síma 585-6800 til að fá frekari upplýsingar um sjóðinn. Lykilupplýsingaskjal þetta var útgefið þann 30. september 2025.

Vakin er athygli á að um flókna afurð er að ræða sem erfitt gæti verið að skilja án ráðgjafar.

HVERS KONAR AFURÐ ER ÞETTA?

Tegund

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rýmri fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingaheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar hans.

Markmið

Markmið Akta VaxtaVeraldar hs. er að nýta þau tækifæri á erlendum skuldabréfamörkuðum sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Sjóðurinn hefur viðtækar fjárfestingarheimildir og má gera ráð fyrir að vægi erlendra eigna sé almennt á bilinu 85-100%. Rík áhersla er lögð á fjárfestingar í skráðum og seljanlegum eignum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er ætlaður almenningi og fagfjárfestum sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í 3 ár eða lengur og skilja að fjárfestingin getur lækkað jafnt sem hækkað og þola töluverðar verðsveiflur. Til að fjárfesta í sjóðnum er ekki krafist sérstakrar þekkingar né reynslu á fjármálamörkuðum eða af fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Aðrar upplýsingar

Vörslufyrirtæki Akta sjóða hf. er Kvika banki hf.


Uppgjörsmýnt sjóðs er ISK

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður.

Sjóðurinn var stofnaður 26. júní 2020.

HVERJAR ERU ÁHÆTTURNAR OG HVAÐA ÁVÖXTUN GÆTI ÉG FENGIÐ?

Áhættuvísir



Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 3 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s áhættuflokkur undir meðallagi.

Áhættuflokkun sjóðsins byggir á sögulegum gögnum um gengi sjóðsins sem talið er að gefi bestu nálgun fyrir markaðsáhættu sjóðsins. Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.

Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki að fjárfesting sé áhættulaus.

Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhluta í sjóðnum, en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. seljanleikaáhætta/lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og sjálfbærniáhætta. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Árangurssviðsmyndir

Eftirfarandi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 3 árum (ráðlagður fjárfestingartími sjóðsins) samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, þar sem tekið er mið af fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

Fjárfesting 1.000.000 kr. Sviðsmyndir		1 ár	2 ár	3 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	928.109 kr.	845.866 kr.	759.861 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-7,2%	-8,0%	-8,7%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	947.550 kr.	895.619 kr.	846.965 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-5,2%	-2,8%	-1,8%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	982.413 kr.	977.293 kr.	983.950 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-1,8%	-0,3%	0,2%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.018.675 kr.	1.066.619 kr.	1.143.357 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	1,9%	2,3%	2,3%

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér kostnað við afurðina sjálfa og hámarks upphafspóknun sem rennur til söluaðila en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

HVAÐ GERIST EF AKTA SJÓÐIR HF. GETA EKKI GREITT ÚT?

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Samkvæmt lögum skal vörsluaðili sjóðsins varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Eignarhlutdeild í sjóðnum fellur ekki undir lágmarksvernd Tryggingasjóðs vegna fjármálafyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingu og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

HVER ER KOSTNAÐURINN?

Kostnaður yfir tíma

Fjárhæðirnar sem eru sýndar fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 1.000.000 kr. Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður, sem þú greiðir, mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingu. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárfesting 1.000.000 kr.			
Sviðsmyndir	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 2 ár	Ef þú selur eftir 3 ár
Heildarkostnaður	29.282 kr.	57.235 kr.	84.383 kr.
Áhrifin á ávöxtun á ári (RIY)	2,93%	2,90%	2,90%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlagðs fjárfestingartíma.
- merking mismunandi kostnaðarflokka.

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,05%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þessi upphæð er sú upphæð sem þú greiðir við kaup á afurðinni gegnum Kviku banka hf. en í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé hærra. Þessi kostnaður felur í sér sölupóknun.
	Útgöngukostnaður	0%	Ekki er innheimtur útgöngukostnaður.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður	1,24%	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Byggt á rauntölum s.l. rekstrarárs og breytist í takt við fjölda viðskipta sjóðsins.
	Annar viðvarandi kostnaður	1,51%	Kostnaður sem er innheimtur árlega m.a. fyrir stýringu sjóðsins. Byggt á rauntölum s.l. rekstrarárs.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	15%	Árangurstengdar þóknanir af árangri umfram viðmið.
	Hlutdeild í hagnaði	0%	Ekki er innheimt hlutdeild í hagnaði.

HVE LENGI Á ÉG AÐ FJÁRFESTA OG GET ÉG TEKID FÉ ÚT SNEMMA?

Ráðlagður fjárfestingartími: 3 ár

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í 3 ár eða lengur og þola töluverðar verðsveiflur. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á innlausnardegi. Söluaðilum sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald við innlausn. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina er reiknað daglega. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 12:00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir kl. 12:00 afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

HVERNIG BER ÉG FRAM KVÖRTUN?

Þú getur lagt fram kvörtun vegna afurðarinnar til Akta sjóða hf. Eyðublað má finna á vefsíðunni www.akta.is. Senda má kvörtun rafrænt í gegnum sömu vefsíðu eða á netfangið regluvordur@akta.is eða með bréfpósti á heimilisfangið Borgartún 25, 105 Reykjavík.

AÐRAR UPPLÝSINGAR SEM SKIPTA MÁLI

Frekari upplýsingar um sjóðinn, þar með talið innlausnarvirði (gengi) sjóðs, útboðslýsingu sjóðsins, tilhögun viðskipta, upplýsingablað, upplýsingar um ávöxtun sjóðsins, ársreikning og árshlutareikning sjóðsins og Akta sjóða hf. má nálgast á www.akta.is. Upplýsingar um ávöxtun sjóðs eru uppfærðar mánaðarlega.